



Til: "Oddviti" <fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is>

Efni: Re: Breyting á Aðalskipulagi Fljótisdalshrepps 2014-2030, tillaga á vinnslustigi til kynningar

Upplýsingar:

Sent: 16.10.2018 18:06:55 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018100003, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2018100003

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Fljótisdalshreppi, dags. 2. október sl., þar sem óskað er eftir ábendingum um breytingu á aðalskipulagi hreppsins vegna fjögurra nýrra efnistökusvæða vegna fyrirhugaðrar framkvæmda við Kröflulínu 3.

Náttúrufræðistofnun telur að í greinargerð og umhverfisskýrslu sé vísað í það sem þarf að skoða í skipulaginu út frá náttúruferli og er jafnframt skoðað í mati á umhverfisáhrifum fyrir Kröflulínu 3. Á bls. 10 virðist vísað í 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 en á líklega að vera 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 sem tóku gildi árið 2015.

Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á að í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri skipulagsvinnu sé skoðað hvernig skipulagið samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif skipulagsins m.t.t. allar framangreindar lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



From: "Oddviti" <fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is>

Date: 10/02/2018 10:25:53 AM

To: <ni@ni.is>

Subject: Breyting á Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030, tillaga á vinnslustigi til kynningar

Góðan dag

Fljótsdalshreppur hefur ákveðið að kynna tillögu að breytingu á aðalskipulagi.

Aðalskipulagsbreytingin felst í að skilgreind eru 4 ný efnistökusvæði í Fljótsdalshreppi vegna framkvæmda við Kröflulínu 3, efnistökusvæðin eru við eða í nágrenni við línuleiðina. Áætlað efnismagn úr námunum er frá 7.000- 30.000 m³. Kröflulína 3 er skilgreind í aðalskipulagi Fljótsdalshrepps. Þau svæði sem skipulagsbreytingin tekur til eru óbyggð og ofan 500m.y.s.

Tillagan er kynnt á vinnslustigi. Tillagan sem inniheldur umhverfisskýrslu verður aðgengileg á heimasíðu Fljótsdalshrepps www.fljotsdalur.is, einnig mun tillagan liggja frammi á skrifstofu Fljótsdalshrepps í Végarði, frá 1. október í til 15. október nk. Kynningarfundur verður þann 8. október milli kl. 10 og 12 á skrifstofu Fljótsdalshrepps.

Meðfylgjandi er greinagerð og kort. Óskað er eftir að ábendingar berist Fljótsdalshreppi , eigi síðar en 15. október 2018.

Með kveðju, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, oddviti

Fljótsdalshreppur kt. 550169-5339

Végarði

701 Egilsstaðir

s. 471 1810